

## **Fundargerð 40. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 8. október 2008**

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9:00 – 11.30

**Fundarmenn:** Jóhanna Diðriksdóttir (fundarritari), Hulda Ásgrímsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Auk þeirra sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritsjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

Næsti fundur verður haldinn þann 15. október kl. 9.00 í Borgartúni 37.

### **1. Kosning formanns**

Í upphafi fundar fór fram kosning formanns og var Þóra endurkjörin formaður.

### **2. Fundargerð 39. fundar**

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

### **3. Undanþágubeiðni vegna skráningarheimildar**

Hildur Gunnlaugsdóttir hafði sent skráningarráði undanþágubeiðni 22. september vegna skráningarheimildar og óskað eftir afgreiðslu milli funda til að viðkomandi gæti sótt skráningarnámskeið 1.-3. október. Beiðnin var samþykkt í tölvupósti af öllum fulltrúum skráningarráðs.

### **4. Nafnmyndagrunnur - staðan**

Með 18. útg. urðu breytingar á vörnum nafnmyndaskrár, einkum samspili titla sem efnis og efnisorða í sviði 650. Einnig er nokkuð um að sviðsheiti hafi breyst til samræmis við nafnmyndaskrá t.d. í landfræðiheiti og stjórnsýsluheiti. Búið er að setja upp varnir gegn slíkum breytingum í prófunarumhverfi sem þarf að skoða gaumgæfilega áður en þær verða virkjaðar í raunumhverfi.

### **5. Verkefnalisti vegna gæðamála bókfræðigrunns Gegnis**

Sigrún fór yfir helstu verkefni gæðastýringahóps bókfræðigrunns Gegnis. Landfræðiheiti, stofnanir og nafnmyndaskrá þarf að skoða vel. Búa þarf til verkferla fyrir notendur. Rætt var um tengingarvandamál í Gegni. Enn er mikið um tvískráningu og mikilvægt er að eyða tvöföldum færslum út úr kerfinu með því að sameina færslur. Einnig var rætt um kosti þess að aðskilja kennsluefnispakka í skráningu. Ragna tók sem dæmi “Evrópa álfan okkar”. Þar sjást kennsluleiðbeiningar ekki þegar leitað er eftir titli. Þeir sem einkum annast skráningu kennsluefnis grunnskóla hafa gert samkomulag um að framvegis verði hver hluti kennsluefnispakka skráður í sér færslu ef mögulegt er en ekki í eina stóra heildarfærslu. Ekki verður þó farið í afturvirkar breytingar. Kiljuútgáfur komu einnig til tals og rætt um hvort þær

ættu ekki að vera í sér færslu þar sem þær koma oft út síðar með öðru ártali og ISBN númeri.

## 6. Fréttir af RDA fundi í Québec í ágúst

Tekið af dagskrá þar sem Hildur verður með kynningu á fræðslufundi skrásetjara 9. október.

## 7. Fréttir af notendaráðstefnu IGelU í Madrid í september

Frestað.

## 8. Fyrirhugað forgreiningarverkefni vegna samþættrar leitarvélar

Sveinbjörg gerði grein fyrir að Landskerfi bókasafna, í samvinnu við Lbs-Hbs og Bbs hefði í upphafi ársins falið ráðgjafa að gera úttekt á þjónustu við aðildarsöfn Gegnis og gera tillögur um hvernig þróa mætti þjónustuna áfram. Meðal niðurstaðna voru tillögur að notkun samþættrar leitarvélar þar sem hægt væri að leita samtímis í Gegni, ýmsum séríslenskum gagnagrunnum auk rafrænna tímarita og gagnagrunna. Lagt var til að kannaðir væru möguleikar á aðgreina íslenskt og erlent efni. Sveinbjörg tók dæmi um Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn þar sem sambærileg leið hefur verið farin við innleiðingu Primo leitarvélarinnar. Skoða þarf hvort það væri fýsilegur kostur fyrir okkur að fara í samstarf við Konunglega bókasafnið og DTIC. Danski tímaritagrunnurinn sem er á vegum DTIC heitir DADS. Í viku 44 koma fjórir ráðgjafar frá Danmörku og ætla þeir að skoða íslensku gögnin og hverjar þarfir okkar eru. Þeir kæmu síðan með tillögu varðandi hugsanlega innleiðingu samþættrar leitarvélar í formi lokaskýrslu. Þetta er allt á **könnunarstigi** eins og er. Undirbúningsvinna þarf að fara af stað fyrir viku 44 og gert er ráð fyrir að skráningarráð taki þátt í vinnunni að einhverju leyti.

## 9. Tónlistarhópur

Ákveðið var að koma á fót hópi skrásetjara tónlistar. Hópnum er í fyrstu ætlað að skoða skráningu safndiska og athugasemdasviði í skráningu tónlistar. Í framhaldi af því er hópnum falið að útbúa viðmiðunarreglur um skráningu tónlistar líkt og gert hefur verið varðandi myndbönd og mynddiska, hljóðbækur, tungumálanámskeið o.fl. Samþykkt að eftirtaldir verði í hópnum: Sigríður Bjarnadóttir Borgarbókasafni, Ásdís Huld Helgadóttir, Bókasafni Hafnarfjarðar, Margrét Guðjónsdóttir, Landsbókasafni, Sigrún Sveinsdóttir, Listaháskóla Íslands, Þorsteinn Gunnar Jónsson, Amtsbókasafninu Akureyri. Þóra ætlar að hafa samband við þau.

## 10. Myndbandaskráning efni talsett á mörgum tungumálum

Þóra lagði fram tillögu til breytingar á vali titils leikinna kvikmynda fyrir börn. Um er að ræða myndir sem talsettar eru á mörgum tungumálum. Í eldri reglum samþykktum 15. desember 2005 segir:

1. Titill skal vera á frummáli
2. Geta skal um aðra málmynd titils í athugasemdasviði (500) og gera aukafærslu í sviði 740. Forðast skal að setja tvær málmyndir í sviði 245
3. Efni talsett á íslensku skal skrá á íslenskaðan titil

### **Breytingartillaga:**

1. Titill skal vera á frummáli
2. Geta skal um aðra málmynd titils í athugasemdasviði (500) og gera aukafærslu í sviði 740. Forðast skal að setja tvær málmyndir í svið 245
3. Efni talsett **eingöngu** á íslensku skal skrá á íslenskaðan titil
- 4. Efni talsett á mörgum tungumálum skal skrá á frummálstitil**

Tillagan var samþykkt.

### **11. Tungumálanámskeið**

Þóra sýndi dæmi um skráningu á tungumálanámskeiðum á geisladiskum. Mjög mismunandi er hvaðan titlarnir eru teknir við val á höfði. Oft er ósamræmi í upplýsingum á diskunum sjálfum og á kápu eða hulstri. Lagt var til að þetta yrði tekið til nánari skoðunar og að Þóra kæmi með tillögu sem Hildur tæki að sér að koma á framfæri við skrásetjara.

### **12. Svið 505 0 og 505 8**

Hulda lagði fram tillögu sem frestað var til næsta fundar

### **13. Efnisorð í sviði 696**

Umræðu frestað til næsta fundar.

### **14. Önnur mál**

Þóra vakti athygli á vandamáli við útlán, skil og tengingu eintaka tímarita þegar mjög mörg eintök tengjast bókfræðifærslu. Kerfið virðist ekki ráða við þennan mikla fjölda eintaka og hægir mikið á því við allar aðgerðir. Sigrún leggur til að það verði búin til forðafærsla og síðan verði ein færsla fyrir hvert ár. Þarf að ræða betur.

Hildur minnti á fræðslufund skrásetjara þann 9. október sem kynntur var með dagskrá á Vöndu.

Sveinbjörg sagði frá því að Blindrabókasafnið hefði áhuga á að komast inní Gegni en safnið á um 5000 titla sem skráðir eru í sér kerfi en ekki samkv. staðli. Safnkosturinn samanstendur einkum af mp3 skráum og óútgefnu efni. Nýrra efnið er einkum hljóðbækur en eldra efni er útvarpsefni og ýmislegt annað. Það eru ýmis vandamál sem þarf að leysa áður en safnið getur komist inn í Gegni. Búa þarf til verkferla. Nauðsynlegt að gera þarfagreiningu fyrir safnið.

Fyrirspurn frá Guðrúnu Kjartansdóttur um skráningu rafrænna gagna frestað til næsta fundar

Ákveðið var að stefna að samráðsfundi Aleflis, skráningarráðs Gegnis og Landskerfis bókasafna þann 5. nóv. kl. 10:00 – 12:00 í Landsbókasafni.

Fundi slitið kl. 11.30.